

58. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um að veita megi Sveini Skúlasyni, kand. philos., brauð.

1865.
8. ágúst.

Með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, dagsettu 27. maímán. þ. á., hafa kirkju- og kennslustjórninni borizt ítarlegri skýrslur útaf bænarskrá frá Sveini Skúlasyni, kand. philos., er þér áður höfðuð sent hingað, um að hann megi verða aðnjótandi þeirra kennimannlegu réttinda, er þeir, sem útskrifaðir voru úr Bessastaða skóla, eða tekið höfðu próf í heimspeki við háskólann, höfðu áður en prestaskólinn í Reykjavík var stofnaður. Stjórnarráðið hefir síðan borið málið upp fyrir hans hátign konunginum, og hefir honum allramildilegast þóknazt 2. þ. m. að úrskurða, að ákvörðunin í konungsúrskurði 24. maímán. 1847 stafið „f“ skuli ekki vera því til fyrirstöðu, að Sveini Skúlasyni, kand. phil., er fyr er um getið, verði veitt brauð á Íslandi.

Þetta er yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, hérmeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörið það þeim, sem hlut á að máli.

59. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmaunsins yfir Íslandi, um aukaútsvar búandi manns í Reykjavík.

16. ágúst.

Með bréfi dagsettu 29. maímán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá með fylgiskjali frá Jörgensen gestgjafa í Reykjavík, um lækkun á aukaútsvari því, er lagt hefir verið á hann árið sem leið, og hafið þér skotið máli þessu til úrskurðar stjórnarráðsins.

En þareð álíta má víst, að dómsmálastjórnin hafi ekki úrskurðarvald í þesskonar málum, með því að ákveðið er í 21. grein í tilskipun 27. nóvembermán. 1846, að umkvartanir yfir niðurjöfnun gjalda kaupstaðarins eigi að bera undir úrskurð amtmanns, og ástæðurnar fyrir grein þessari bera með sér, að svo hefir verið til ætlat, að önnur regla gildi um þetta atriði

1865.
16. ágúst. fyrir Reykjavík en fyrir kaupstaðina í konungsríkinu, en þar leggur dómsmálastjórnin úrskurð á þesskonar mál, þá verðum vèr að fela yður á hendur, herra stiptamtmaður, að leggja úrskurð á þetta mál, eptir því sem yður virðist réttast eptir þeim ítarlegri skýrslum, sem nú eru fram komnar.

28. ágúst. **60. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk handa Sumarliða gullsmið Sumarliðasyni, til þess að taka þátt í fiskisýningunni í Björgvin.**

Samkvæmt tillögum stiptamtsins í bréfi dagsettu 5. f. m. hefir dómsmálastjórnin veitt Sumarliða gullsmið Sumarliðasyni úr Ísafjarðarsýslu 250 ríkisdala styrk, til þess að taka þátt í fiskisýningunni í Björgvin, og útaf bænarskrá, sem seinna kom frá honum, 100 ríkisdali til þess að kaupa fyrir veiðarfæri, mótmyndir og annað þvíumlíkt, ásamt með mönnum þeim, er sendir voru frá Reykjavík til fiskisýningarinnar, og er svo til ætlazt, að því verði útbýtt á þann hátt, sem þèr hafið vikið á, herra stiptamtmaður, í bréfi yðar 9. þ. m.¹— Þetta gefst yður hér með til vitundar yður til leiðbeiningar.

30. ágúst. **61. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um byggingu Möðruvalla klausturs kirkju.**

Eptir að þèr, herra amtmaður, höfðuð skýrt frá í bréfi 10. marzmán. þ. á., að Möðruvalla klausturs kirkja hefði brunnið

1) Það er að segja, að stjórn húss- og bústjórnarfélags suðuramtsins og menn þeir, sem gengið höfðu fyrir samskotum til þess að senda menn frá Reykjavík til fiskisýningarinnar, útbýti hlutum þessum á hagfældasta hátt.